

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1092

Dagsetning: 2. desember 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HÞ), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi sat fundinn undir lið 4. Ingibjörg Rós Kjartansdóttir, svæðisstjóri Upplýsingamiðstöðvar HH, sat fundinn undir lið 8.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 25. nóvember 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Aðsend erindi

Rætt var um ósk um upplýsingar frá heilbrigðisráðuneytinu um biðlista barna, svar er í vinnslu. Þá var fjallað um ósk frá heilbrigðisráðuneytinu um upplýsingar um samninga um hugbúnaðarlausnir og þróun. Það svar er einnig í vinnslu. Erindi hefur borist frá heilbrigðisráðuneytinu um fitubjúg. Svar er tilbúið og verður sent. Þá var rætt um fyrirspurn um lyfjaróbóta. Svar er í vinnslu hjá Heimahjúkrun.

4. Jólafundur fagstjóra

A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi kom á fundinn og ræddi um dagskrá jólafundar fagstjóra.

5. Gjaldskrárverk lækna

Rætt var um sjálfvirknivæðingu uppgjors á gjaldskrárverkum lækna til launadeildar. Þegar þjarkinn verður komin í notkun verður sjálfvirk talið úr kerfum HH og upplýsingum fyrir hvern lækni skilað til fagstjóra hversrar heilsugæslustöðvar.

6. Fræðadagur uppgjör

Farið var yfir niðurstöður úr könnun eftir Fræðadag HH. Könnunin leiddi í ljós að almenn ánægja var með daginn en eins og alltaf komu fram áhugaverðar ábendingar um efnistöð á næsta Fræðadegi og það sem betur mætti fara næst. Ákveðið var að halda næsta Fræðadag þann 13. nóvember 2026 á sama stað.

7. Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu

Rætt var um stöðu Þróunarmiðstöðvar Íslenskrar heilsugæslu, samskipti við heilbrigðisráðuneytið og stöðu kennslustjóra hjá miðstöðinni.

8. Álag vegna Inflúensu

Ingibjörg Rós Kjartansdóttir, svæðisstjóri Upplýsingamiðstöðvar HH, kom á fundinn. Upplýst var um mikið álag á starfsfólk Upplýsingamiðstöðvar, meðal annars vegna Inflúensufaraldurs. Stjórnendur miðstöðvarinnar lögðu til að sett verði upp bakvaktafyrirkomulag til að hægt sé að bregðast við forföllum starfsfólks. Framkvæmdastjórn samþykkti þá tillögu. Ákveðið var að skera niður bakvakt frá deild rafrænnar þjónustu eftir klukkan 22 á móti. Einnig var upplýst um að heilbrigðisráðuneytið hafi óskað eftir því að heilsugæslustöðvar reyni að mæta auknu álagi með því að auka framboð á tímum fyrir bráð erindi.

Aðgerðir og verkefni

- Halda þarf áfram innleiðingu þjarka fyrir gjaldskrárverk lækna, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDM
- Bóka þarf hótél fyrir Fræðadag HH 2026, sjá lið 6.
Ábyrgð: BJ
- Ræða þarf áfram stöðu Þróunarmiðstöðvar Íslenskrar heilsugæslu og kennslustjóra hjá miðstöðinni, sjá lið 7.
Ábyrgð: SDM
- Stilla þarf upp bakvöktum á Upplýsingamiðstöð HH og hætta bakvöktum deildar rafrænnar þjónustu á móti, sjá lið 8.
Ábyrgð: RÓE og HP
- Óska þarf eftir því að heilsugæslustöðvar HH auki framboð á tímum fyrir bráð erindi í samræmi við tilmæli frá heilbrigðisráðherra, sjá lið 8.
Ábyrgð: SDM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:50.